

61 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útför Jóns Sigurðssonar.* — Með þóknanlegu brjefi frá 5. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi Tryggva alþingismanns Gunnarssonar, þar sem hann fer þess á leit, að kostnað þann, er leiði af greptrun Jóns sál. Sigurðssonar og konu hans á Íslandi megi greiða úr landsjóði Íslands í von um aukafjárveitingu, og hafið þjer jafnframt lagt það til, að greptrunarkostnaðurinn yrði greiddur á þann hátt, sem getið er um í beiðninni. Sökum þessa undanfellir ráðgjafinn ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að hið umbeðna er veitt.

62 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um fasteignartíund á Vestmannaeyjum.* — Með brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn sýslumannsins á Vestmannaeyjum um það, hvort leiguliðar þjóðjarða á Vestmannaeyjum eigi samkvæmt lögum um skattgjald á Vestmannaeyjum frá 14. desember 1877 (A 25) að greiða fasteignartíund til kirkju, prests og fátækra, eða hvort gjald þetta skuli greitt úr landsjóði, sem er eigandi jarðanna. Þjer álitíð úrlausn þessarar spurningar nokkuð vafasama, en með því að tíundin og þau önnur gjöld, sem eyjarbúar eiga að greiða samkvæmt tjeðum lögum, koma í staðinn fyrir miklu hærra og þungbærara gjald (fiskitíundina), sem hvíldi á ábúöndunum og ekki á jörðunum, virðist yður ástæða til þess að ætla, að ábúendur einnig eigi að greiða gjald það, er hjer ræðir um.

Út af þessu vil jeg, um leið og jeg skírskota til þess, sem þjer þannig hafið sagt, taka fram, að heimild vantar með öllu til þess að greiða fasteignartíundina úr landsjóði, sbr. 4. gr. nefndra laga 14. desember 1877 og að niðurlag 2. greinar sömu laga ljóslega sýnir, að lögin hafa gjört ráð fyrir, að ábúendurnir greiddu það, því þar er beinlínis tekið fram, að «frá tíundargjaldi af fasteign veitist engin undanþága af þeirri ástæðu, að tíund hefir eigi verið að undanfögnu greidd af jörðum þar».

Samkvæmt þessu geta ábúendur á þjóðjörðum á Vestmannaeyjum ekki komizt hjá að greiða fasteignartíund til kirkju, prests og fátækra, eins og þeir samkvæmt 2. gr. laga 14. desember 1877 um ábúðarskatt (A, 21) eru skyldir að greiða skatt til landsjóðs af býlum sínum.

63 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um kostnað við yfirsetunám, sem hætt var við.* — Í brjefi frá 20. f. m. hafið þjer herra amtmaður mælt fram með því, að hjeraðslækninum á Ísafirði verði endurgoldnar úr landsjóði 85 kr. fyrir fæði og húsnæði handa yfirsetukonuefni, er varð að hætta við nám sitt, af því að hún slasaðist í hendi, og takið þjer fram, að það virðist vafasamt, hvort þessi kostnaður verði greiddur úr landsjóði, eða hvort ekki heldur eigi að vísa læknum til að fá borgunina greidda hjá þeim, er komu stúlkunni fyrir hjá honum til kennslu.

Endurgjald það á kostnaði við kennslu yfirsetukvenna, er getur um í 4. gr. yfirsetukvennalaganna frá 17. desbr. 1875 (A. 27) verður ekki skoðað sem skólaölmusa, er veitist hverjum þeim, er hefir löngun til að nema yfirsetufæði; en kostnaður þessi er öllu fremur styrkur til að útvega yfirsetukonur þær, er með þarf í hin ýmsu yfirsetuumdæmi. Sýslunefndin eða aðrir hlutaðeigendur verða því sjálfir að bera skaða þann, sem hlýst af, að viðkomandi yfirsetukonuefni nái ekki svo langt, að það geti tekið að sjer störfín í umdæmi því, er því var

ætlað, og 4. gr. veitir að eins heimild til að greiða úr landssjóði kennslukostnað þeirra yfirsetukvenna, er gjöra má viss ráð fyrir, að verði skipaðar í eitthvert umdæmi. **63** 10. marz

Þetta er tjáð yður, hera amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðindum, um leið og jeg endursendi yður viðkomandi reikning, er ekki verður borgaður úr landssjóði.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sýslumannssetur í Skaptafellssýslu.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer herra amtmaður, sent mjer eptirrit eptir brjefi, þar sem hinn setti sýslumaður í Skaptafellssýslu Einar Thorlacius hefir farið þess á leit, að jörðin Kirkjubær á Síðu, sem nú í mörg ár hefir verið sýslumannssetur, en til þess er hún eptir afstöðu sinni einkar vel fallin, og verður hún laus úr ábúð frá næstkomandi fardögum, verði leigð einungis um eitt ár, eða með þeim skilmálum, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu geti fengið jörð þessa til ábúðar, þegar hann æskir þess. Í annan stað leggið þjer það til að Kirkjubæjarklaustur verði gjört að föstu sýslumannssetri í Skaptafellssýslu framvegis, og að ábúð jarðarinnar frá næstkomandi fardögum verði falin hinum setta sýslumanni Einari Thorlacius. **64** 15. marz

Þar eð jeg er á sama máli og þjer, herra amtmaður, um það, að jörð sú, er hjer ræðir um, sje bæði hvað afstöðu sína og ásigkomulag snertir, einkar vel fallin til að vera sýslumannssetur, og með því að álíta má tilmæli þau, sem hjer liggja fyrir frá hinum setta sýslumanni Einari Thorlacius, sem yfirlýsingu frá hans hendi, að hann að sínu leyti sje fús til frá næstkomandi fardögum að taka að sjer þessa jörð, er það hjer með samþykkt, að Kirkjubæjarklaustur verði framvegis sýslumannssetur fyrir Skaptafellssýslu, og að sýslumaðurinn, hver sem hann verður, taki jörðina með ákveðnum skilmálum.

Að því er byggingarskilmálana snertir, verður framvegis að byggja jörðina með 340 álna landskuld, sem greiðist eptir meðalverði allra meðalverða, og er stungið upp á þessu í tillögum þeim, er hlutaðeigandi umboðsmaður samdi samkvæmt umburðarbrjefi 19. septbr. 1877 og síðan voru samþykktar af amtsráðinu og lagðar fyrir alþingi; en áður hefir landskuldin verið 402 álnir, goldnar að nokkru leyti eptir meðalverði á ullu og að nokkru leyti með 16 a. fyrir hverja alin.

Hið framanskráða er hjer með tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar og annara ráðstafana.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til að byggja steinhús á prestssetri.* — Samkvæmt beiðni prestsins að Görðum á Akranesi og meðmælum stiptsyfirvaldanna hefi jeg leyft, að nefnt prestakall fái lán úr viðlagasjóði að upphæð 1600 kr., til þess að byggja steinhús á prestssetrinu, og er ætlast til, að það komi í stað allra bæjarhúsa þar. Lán þetta er veitt með þeim kostum, að það endurborgist á hinum næstu 20 árum með 80 kr. árlega og ávaxtist með fjórum kr. af hundraði á ári af þeim hluta af láninu, er hvert sinn er eptir ógreiddur. **65** 16. marz

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.